

3H Travel ehf.
Markarflöt 5
210 Garðabær



Vestmannaeyjum 10. september 2015
UST201508-083/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þríhnúkagígur 2016

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 17. ágúst sl. frá 3H Travel ehf. vegna heimildar til uppsetninga á aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi, vorið 2016. Jafnframt er óskað eftir því að gámar sem fyrirtækið hefur sett upp á svæðinu undanfarin ár og eru nýttir sem aðstaða fyrir gesti og starfsfólk fái að standa veturinn 2015-2016.

Svæðið sem um ræðir er innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, 173/1985. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, skv. auglýstum reglum svæðisins.

Lýsing framkvæmdar: Fram kemur í erindi 3H Travel líkt og síðustu ár að byggingakranabóma verði lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rasks á landi eða yfirborði. Neðan úr bómunni verður tveggja spila lyftupallur sem notaður verður til mælinga og flutnings á fólki. Rafmagnskapall sem lagður var frá Bláfjöllum mun fullnægja rafmagnspörf og innan við 40 lítrar af olíu verða á varaafstöð í Þríhnúkum. Undanfarin ár hefur verið sett upp aðstaða á svæðinu sem afdrep bæði fyrir gesti og starfsmenn og einnig þurrsalerni með þvottaaðstöðu. Um er að ræða 4 gáma og 3 þurrsalerni. Árið 2014 fékk 3H Travel leyfi Umhverfisstofnunar til að gámarnir og salernin sem fyrir settir voru upp sumarið 2014 á svæðinu fengju að standa þar áfram veturinn 2014-2015 þar sem minni hætta væri á raski og mengunarhættu ef þeir fengju að standa áfram í stað þess að vera fjarlægðir um haustið og fluttir aftur á svæðið um vorið. Kranabóman og lyftubúnaður verður hins vegar tekin niður eins og áður þegar starfsemi á svæðinu lýkur sumarið 2015. Í erindinu er jafnframt óskað eftir að viðhalda göngustíg sem lagður var vorið 2014, með því að bera malað hraungrýti í hann næsta vor eftir þörfum.

Áhrifamat:

Þann 31. ágúst síðastliðin fóru starfsmenn Umhverfisstofnunar í eftirlitsferð að Þríhnúkagígum til að kanna ástand svæðisins. Ástand svæðisins var gott en stígar sem lagðir höfðu verið um svæðið um vorið voru vel afmarkaðir og virtist lítið vera um að fólk færi út fyrir þá.

Að mati Umhverfisstofnunar er minni hætta á raski og mengun ef gámarnir verða skildir eftir á svæðinu eins og framkvæmdaraðili hefur óskað eftir.

Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti tímabundna aðstöðu við Þríhnúka sumarið 2016, viðhald göngustígs og að gámar og þurrsalerni sem fyrir eru á svæðinu fái að standa þar veturinn 2015-2016, með eftirfarandi skilyrðum:

- Að ekki verði um jarðrask að ræða á svæðinu.
- Aðstaða fyrir starfsfólk og gesti svæðisins takmarkast við 4 gáma og 3 þurrsalerni.


- Allt efni sem ekki verður skilið eftir á svæðinu veturinn 2015-2016 og til stendur að nýta sumarið 2016 verði flutt á svæðið með þylu.
- Að olía eða aðrir mengandi vökvar fari ekki út í umhverfið, að vel sé gengið frá eldsneytistank inni á svæðinu með lekavörn og að 3H Travel komi sér upp viðbragðsáætlun ef til slysa kemur. Viðbragðsáætlun á grundvelli starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd getur komið í stað viðbragðsáætlunar skv. leyfi þessu.
- Að göngustígar verði vel afmarkaðir og að komið verði upp pöllum, ristum eða álíka útbúnaði sem hlífir viðkvæmum jarðmyndunum eftir þörfum.
- Svæðið í kringum gámana við Þríhnúka verði vel afmarkað til að koma í veg fyrir jarðrask í kringum þá.
- Að umgengni niðri á botni Þríhnúkagígs sé góð og að þar verði ekki skilinn eftir neinn úrgangur.
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Að allur frágangur að framkvæmdum loknum verði góður og ekki sjáist ummerki um mannvirki á svæðinu.
- Við viðhald göngustíg skal gæta þess að halda öllu raski í lágmarki og skal malað hraungrýti aðeins borið í þá hluta stígsins þar sem gróðurþekja hefur sannarlega rofnað og myndast hefur drullusvað eða jarðvegur skolast í burtu. Ekki yfir hraun eða önnur svæði þar sem gróður og jarðvegur hefur ekki látið á sjá á gönguleiðinni. Vanda skal við allan frágang.
- Leyfi þetta gildir frá 15. maí til 1. október 2016. Umhverfisstofnun fer fram á það við framkvæmdaraðila að hann geri stofnuninni viðvart áður en búnaður verður fluttur á svæðið.


Umhverfisstofnun bendir á að einnig þurfi að sækja um leyfi til Kópavogsbæjar fyrir því að gámarnir fái að standa á núverandi stað veturinn 2015-2016.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Kópavogsbær